



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/922*  
*komudagur 10.12.2012*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10. desember 2012

1212005SA GB  
Málalykill: 153

### **Efni: Umsögn um frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 468. mál**

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa verið boðaðir á fund efnahags- og viðskiptanefndar mánudaginn 10. desember nk. til að ræða ofangreint frumvarp. Eftirfarandi athugasemdir eru settar fram til undirbúnings fyrir þann fund. Tekið skal fram að ekkert samráð var haft við sambandið um efni frumvarpsins.

#### **Breytingar á tryggingagjaldi, 3. gr.**

Í 3. gr. frv. er lagt til að almennt tryggingagjald hækki um 0,3 prósentustig, úr 4,99% í 5,29%. Í skýringum segir að hækkunina megi rekja til vaxandi útgjalda í almannatryggingakerfinu, einkum vegna lækkandi fjármagnstekna bótaþega á síðustu árum. Breytingin á að skila ríkissjóði 2,9 ma.kr. tekjuhækkun.

Á móti þessari hækkun er gert ráð fyrir að sá hluti tryggingagjalds sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 0,4 prósentustig, sem er áætlað að þýði 3,9 ma.kr. tekjulækkun fyrir ríkissjóð. Samanlögð kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin vegna breytinga í 3. gr. ættu að verða heldur jákvæð á árinu 2013.

Rétt er hins vegar að hafa í huga að sveitarfélögin munu áfram hafa áhyggjur af áhrifum langvarandi atvinnuleysis á útgjöld til fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta. Hafa sveitarfélögin lagt til að þau fái hlutdeild í almennu tryggingagjaldi til að mæta þessum auknu útgjöldum en þær óskir hafa ekki mætt skilningi af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Á hinn bóginn verður að ætla að þrýstingur á félagsþjónustu sveitarfélaga vegna atvinnuleysis kunni að minnka eitthvað á næsta ári vegna sameiginlegs átaks ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um Vinnu og virkni.

#### **Skuldajöfnun meðlaga, 12. gr.**

Í 12. gr. er lagt til að skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs og sveitarfélaga, ásamt vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði áfram óheimil út árið 2013. Áður var gert ráð fyrir að umrætt bann félli niður í lok þessa árs. Sambandinu hefur borist ábending frá Innheimtustofnun sveitarfélaga varðandi þá takmörkun fyrir innheimtu stofnunarinnar sem felst í ákvæðinu.

Það hefur engin skuldajöfnun við barnabætur átt sér stað síðastliðin 4 ár, þ.e. árin 2009, 2010, 2011 og 2012 vegna bráðabirgðaákvæða í lögum um tekjuskatt. Stofnunin skuldajafnaði síðast á árinu 2008, alls fjörutíu ogfimm



milljónum króna, en þá fór enginn skuldajöfnuður fram við þá sem voru með gildar samþykktir um greiðsluívilnanir á þeim tímum er skuldajöfnuður átti að fara fram. Hins vegar hefur stofnunin breytt verklagi, sem tók gildi á árinu 2011, þannig að lögbundinn skuldajöfnuður fer fram gagnvart öllum meðlagsskuldurum að því er varðar vaxtabætur, undantekningarlaust, hvort sem þeir eru með gilda samþykkt um greiðsluívilnanir eður ei. Umboðsmaður Alþingis tók kvartanir vegna þessa fyrir og gaf út álit sín sl. ágúst, þar sem hann setti ekki út á þessa beitingu innheimtustofnunar á hinum lögbundna skuldajöfnuði. Sama mun verða þegar og ef skuldajöfnuður barnabóta við vangreidd meðlög verður leyfður. Þannig mun sá skuldajöfnuður fara fram gagnvart öllum meðlagsgreiðendum sem eru í skuld við stofnunina, óháð samþykktum stjórnar um ívilnanir. Innheimtustofnun reiknar því með að skuldajöfnuðurinn, ef hann verður leyfður, muni skila hærri fjárhæðum vegna þessa en á árinu 2008, auk þess sem barnabætur eru nú mun hærri en þá. Gæti verið um að ræða mögulega innheimtu nálægt eitt hundrað milljónum króna, byggt á lauslegri áætlun. Áframhaldandi frestun á skuldajöfnuði við barnabætur leiðir þar af leiðandi til lakari innheimtu Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2013.

Sambandið telur ríka ástæðu til að minna á að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir þann árlega halla sem er á rekstri Innheimtustofnunar sveitarfélaga og eftir því sem sá halli eykst leiðir það til skerðingar á útgjaldajöfnunarframlögum til sveitarfélaga. Það er mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélögin í heild að sá halli verði sem minnstur, ekki síst í ljósi tregðu af hálfu ríkisins til þess að veita aukaframlög í jöfnunarsjóð til þess að styðja sveitarfélög í fjárhagserfiðleikum.

Sambandið leggur því til að 12. gr. frumvarpsins falli brott.

### **Breytingar á umhverfis- og auðlindasköttum, 16.-18. gr.**

Í V. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta. Um er að ræða lög sem áttu upphaflega að gilda í þrjú ár til að bæta ríkissjóði tekjutap eftir efnahagshrunið sem varð árið 2008.

Samband íslenskra sveitarfélaga mótmælti á sínum tíma harðlega frumvarpsákvæðum um að leggja umhverfis- og auðlindaskatt á heitt vatn. Í umsögn sambandsins frá 9. desember 2009 sagði m.a.:

*„Ekki verður annað séð en að frumvarpsákvæðin séu algerlega órökstudd og í beinni andstöðu við almenna stefnu stjórnvalda í orku- og auðlindamálum. Ástæða er til að benda á að nú þegar er greiddur 7% virðisaukaskattur til ríkissjóðs af heitu vatni og raforku. Hinir nýju skattar eru til þess fallnir að flækja skattkerfið til muna og þótt í frumvarpinu sé lagt til að þeir verði aðeins lagðir á tímabundið á árunum 2010-2012 er hætta á að þeir verði framlengdir og jafnvel hækkaðir. Einnig er vert að benda á að þeir munu leiða til hækkunar á verði til neytenda og þar með hafa áhrif á neysliverðsvísitölu og þar með verðtryggðar skuldir heimilanna og eftir atvikum sveitarfélaga.*

*Hvað varðar skatt á heitt vatn sérstaklega er rétt að hafa í huga að um er að ræða almannajónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum þar sem aðstæður*



*henta til slíkrar starfsemi, nánast á kostnaðarverði. Ríkið virðist vera að feta sig inn á hættulegar brautir í sinni tekjuöflun með því að telja sig geta lagt beinan skatt á þessa þjónustu sem sveitarfélögin veita. Óhjákvæmilegt er að spyrja þeirrar spurningar hvort ýmis önnur þjónusta við íbúa sveitarfélaga verði þá einnig skattlögð í framtíðinni.“*

Með vísan til framangreindrar umsagnar gerir sambandið alvarlega athugasemd við 18. gr. frumvarpsins sem felur í sér tillögu um að afnema umhverfis- og auðlindaskatt vegna sölu á raforku frá árslokum 2015. Sambandið getur alls ekki stutt þá tillögu nema breytingin verði jafnframt látin ná til sölu á heitu vatni og II. kafli laganna verði þar með í heild felldur úr gildi. Leggur sambandið til svohljóðandi breytingartillögu við 18. gr. frv.:

2. másl. 13. gr. laganna orðast svo: II. kafli laganna fellur úr gildi 31. desember 2015.

Einnig vill sambandið nota þetta tækifæri til að vekja athygli Alþingis á því að í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2011-2014 segir eftirfarandi:

*Sveitarfélög fái aukna hlutdeild í gjöldum af umferð í þéttbýli, umhverfissköttum og hlutdeild í kolefnisgjaldi. Útfæra þarf hlutdeildina og útgreiðslu til sveitarfélaga með hliðsjón af vistvænum almenningssamgöngum.*

Eins og alþingismönnum er kunnugt leggur ríkið nú þegar á ýmsa umhverfis- og auðlindaskatta og fer skattlagning á þessu sviði vaxandi, t.d. í formi gjaldtöku fyrir heimildir til að losa gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið. Það heyri hins vegar til algerra undantekninga að tekjum af þeim gjöldum sé varið til verkefna sem miða að því að mæta áskorunum sem stjórnvöld standa frammi fyrir í umhverfismálum, svo sem til nýsköpunar á sviði úrgangsmála eða aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samband íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að umhverfis- og auðlindaskatta ber að nýta í þágu umhverfisins og er eðlileg krafa sveitarfélaga að njóta hlutdeildar í þeirri skattlagningu til að standa undir sfauknum verkefnum og kröfum á sviði umhverfismála og samgangna.

#### **Lækkun á endurgreiðslu olúgjalds, 32. gr.**

Í 32. gr. er lagt til að við lög um olúgjald og kílómetragjald, nr. 87/2004, með síðari breytingum, bætist nýtt bráðabirgðaákvæði. Umrætt ákvæði varðar skilyrði fyrir endurgreiðslu olúgjalds til þeirra sem hafa einkaleyfi samkvæmt samningi við sveitarfélag eða samtök sveitarfélaga til reksturs almenningssamgangna í áætlunarferðum innan þéttbýliskjarna sveitarfélags eða samliggjandi þéttbýliskjarna fleiri en eins sveitarfélags fái endurgreitt ákveðið hlutfall olúgjalds vegna rekstrar almenningssvagna í áætlunarferðum, á árunum 2013 og 2014 en eftir það falli endurgreiðsla niður.

Í skýringum við greinina er vísað til samkomulags frá 7. maí 2011, milli ríkisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, um 10 ára tilraunaverkefni til að efla almenningssamgöngur. Í samkomulaginu er kveðið á um fjárframlög úr ríkissjóði til almenningssamgangna en í stað þess frestist tilteknar vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Í samningnum er einnig



kveðið á um að endurgreiðslum á olúgjaldi til almenningsgangna í áætlunarferðum verði hætt. Í samræmi við tilvitnaðan samning er í 32. gr. lagt til að í stað 85% endurgreiðslu olúgjald verði endurgreiðslan 57% árið 2013, 29% árið 2014 og eftir það falli endurgreiðslan alveg niður.

Til mótvægis við þessar breytingar er gert ráð fyrir því að á fjárlögum árið 2014 verði fjármunum varið til þess að halda áfram endurgreiðslum á olúgjaldi innan þéttbýliskjarna sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins í hlutfalli við akstur á vegum í rekstri og umsjón sveitarfélaga. Rétt er að taka fram að sambandinu er ekki kunnugt um að neinir samningar hafi verið gerðir um þetta fyrirkomulag milli ríkis og sveitarfélaga og eins og áður segir hefur ekki verið haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga við undirbúning frumvarpsins. Sambandið telur því rétt að hafa töluverða fyrirvara við umrædda frumvarpsgrein.

**Á meðal þeirra atriða sem sambandið telur þurfa frekari skoðun og umræðu er sú fyrirhugaða takmörkun á endurgreiðslum á olúgjaldi sem gert er ráð fyrir í skýringum á bls. 29, þ.e. að endurgreiðsla verði aðeins til sveitarfélaga sem reka almenningsvagna í áætlunarferðum innan þéttbýliskjarna eða á milli samliggjandi þéttbýliskjarna. Telur sambandið að sterk rök hljóti að vera fyrir því að réttur til endurgreiðslu nái einnig til fjölkjarna sveitarfélaga sem reka almenningsgöngur á milli byggðakjarna.**

Sambandið áskilur sér rétt til þess að koma á framfæri frekari sjónarmiðum um 32. gr. frumvarpsins þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um inntak hennar.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri